



7. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN 8. APRÍL 2016 Í REYKJAVÍK

Mætt eru Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Kristinn Óskar Grétuson (KÓG) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT)

1. FUNDUR SETTUR KL. 15:00

2. Almannaheill – kynning

Jón Pálsson og Ketill Berg Magnússon kynntu starfsemi Almannaheilla.

3. Kynning starfsmanna:

- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, nýr kynningarfulltrúi UMFÍ kynnti sig.
- Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir kynntu Hreyfivíkuna 2016 sem að þessu sinni er haldin 23. - 29. maí og ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði.

4. Fjármál

- Farið yfir heildaryfirlit rekstrar fyrstu tvo mánuði ársins.
- Helgi Gunnarsson fjármálastjóri fór yfir lánamál UMFÍ. Ákveðið að greiða inn á lán sem tekið var fyrir Sigtúni 42.

5. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

AIP fór yfir helstu verkefni, fundi og starfsmannamál.

6. Framkvæmdastjórnarfundargerð nr. 5

Fundargerð samþykkt.

7. Stefnumótun.

Stefnt er að því að stefnumótunarvinnu verði lokið í lok apríl. Loka niðurstaða verður kynnt á vorkundi UMFÍ.

8. Vorkundur 2016.

Ákveðið að stefna að vorkundi í Borgarfirði. Efni fundarins rætt.

BGB vék af fundi kl.18:00.

9. Önnur mál

- Felix.** HeJ og GG sögðu frá 1. fundi stýrihóps félagskerfis íþróttahreyfingarinnar. HV falið að undirrita samning við IDEGA um forritun nýs kerfis.
- Húsnæðismál.** AIP falið að skoða þarfir hreyfingarinnar í húsnæðismálum.
- Vinnuhópur um framtíð Lauga.** HeJ, KÓG og RH skipuð í vinnuhóp til að taka saman framtíðarmöguleika Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ.

- d. Fræðslunefnd UMFÍ.** Nefndinni falið í samvinnu við lögfræðinga, að fara yfir lagalegan ramma um starf Ungmenna- og tómsundabúða.
- e. Fræðslu- og verkefnissjóður.** Stjórn sjóðsins falið að yfirfara reglugerð um sjóðinn og koma með tillögu að breytingum sem lögð verði fyrir sambandsþing 2017. Einnig ákveðið að draga nokkrar umsóknir vegna verkefna UMFÍ úr út sjóðnum og fjármagna þau úr aðalsjóði UMFÍ.
- f. Bílamál.** Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að hagstæðum leiðum í bílamálum. Framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórn falið að ljúka málinu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:15.
HrJ ritaði fundargerð.